

Mál nr. 284/2016

**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

Fjárhæð tjóns vegna áaksturs 13. mars 2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 6.9.2016

Bréf V, dags. 22.9.2016.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 26.9.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið á tík í eigu M á þjóðvegi 1 við bæinn Lindarbrekku 1 í Berufirði. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Ekki hefur hins vegar náðst samkomulag um fjárhæð þess tjóns sem M, sem eigandi tíkurinnar, varð fyrir, en tíkin drapst samstundis við áaksturinn. Bæði M og V hafa samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæð, sbr. 2.mgr. 3. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

M telur að tjón hans vegna dauða tíkurinnar sé kr. 500.000 og sundurliðar það með þeim hætti að kaupverð hennar í lok árs 2014 hafi verið kr. 223.500, kostnaður við sérstaka smalaþjálfun hafi verið kr. 200.000 og eftirstöðvar tjónsins sé almennt fjártjón. M vísar til reikninga vegna kaupa á tíkinni frá ræktendum sem og reiknings frá þeim sem var fenginn til þjálfunar hennar.

V telur að verðmæti tíkurinnar sé einungis fölginn í þeim kostnaði sem var við kaup á henni, en ekki sá kostnaður sem fylgdi þeirri sérstöku þjálfun sem hún hafði fengið. Það séu ekki skaðabótaskyldar afleiðingar þar sem óumflýjanlega fylgi ávallt kostnaður við að halda dýr, t.d. fóðrun og tamningar.

Álit.

Þegar skaðabætur eru ákveðnar verður að meta sérstaklega verðmæti þess sem varð fyrir tjóni. Þegar um munatjón er að ræða gera almennar reglur skaðabótaréttarins ráð fyrir því að tjón sé metið út frá enduröflunarverði, þ.e. hvaða fjárhæð þurfi til að kaupa sambærilegan hlut, miðað við það verð sem var á hlutnum þegar tjón varð. Við mat á verðmæti þeirrar tíkur sem M missti við áaksturinn verður því að líta til þess hvað það kostar hann að kaupa sambærilega tík á því verðlagi sem var á tjónsdegi, eða í mars sl. Þegar litið er til starfa M og búsetu verður að telja augljóst að tjón hans við að missa umrædda tík felur í sér annað og meira fjárhagslegt en að hann kaupir hreinræktaðan skrauthund. Tjón hans telst því fölgandi í því að koma sér upp tík, eða eftir atvikum hundi, sem má ætla að hafi sambærilega getu á við þá sem först. Ekki hefur annað komið fram í málinu en að sá kostnaður, þ.e. reikningar upp á kr. 423.200, sem hann hafi greitt vegna tíkurinnar sem först sé eðlilegur til að koma sér upp tík eða hundi sem er sérþjálfaður til smölunar m.v. við verðlag í mars sl. Verður því fallist á að tjón hans sé a.m.k. kr. 423.200, en af þeirri fjárhæð hefur V nú þegar greitt kr. 223.200. Ekki liggja fyrir sambærileg sönnunargögn um annað fjártjón M umfram þetta. Telst hann því eiga rétt á greiðslu kr. 200.000 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu 200.000 kr. úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V, til viðbótar við þær 223.200 kr. sem þegar hafa verið greiddar vegna tjóns hans.

Reykjavík, 11. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.